



Skólareglur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Umgengnisreglur

- Nemendur ganga snyrtilega um skólahúsnæðið og eigur skólans og valda ekki skemmdum eða lýtum.
- Nemendur fara úr útifatnaði og skóm í andyri og ganga frá á tilskilinn hátt.
- Notkun allra hjólatækja er óheimil á skólalóð á skólatíma. Við skólahúsnæði unglíngadeildar á Eyrarbakka er heimilt að nota hjólabretti á tilteknum stöðum skólalóðarinnar.
- Á skólatíma eru nemendur á skólalóðinni, ekki er leyfilegt að fara af henni nema með leyfi. Nemendur nota skólabíl á milli þorpa.
- Um notkun snjalltækja í skólanum gilda eftirfarandi reglur:
 - a) Í 1.-6.bekk er öll notkun snjalltækja bönnuð á meðan á skólatíma stendur nema undir handleiðslu kennara.
 - b) Í 7.-10.bekk er öll notkun snjalltækja bönnuð í kennslustundum nema undir handleiðslu kennara.
 - c) Nemendur sem ekki fara eftir skólareglum um notkun snjalltækja fá aðvörun frá kennara. Ef þeir fara ekki eftir tilmælum kennara í annað sinn ber kennara að vísa nemanda til stjórnanda þar sem málið fær frekari umfjöllum sbr. almenn úrvinnsla brota á skólareglum.
- Nemendum er óheimilt að taka myndir af samnemendum sínum og birta á neti eða samfélagsmiðlum nema með þeirra leyfi.

Samskiptareglur

- Samskipti nemenda og starfsmanna skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu, kurteisi og heiðarleika. Nemendur sýna öllu starfsfólki skólans hlýðni.
- Samskipti starfsfólks skólans við heimili og nærsamfélag skal einkennast af virðingu og tillitssemi.

Háttsemisreglur

- Skólabragur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri skal einkennast af fagmennsku og umhyggju.
- Einkunnarorð skólans, jákvæði, metnaður, virðing og heiðarleiki, skulu í hávegum höfð í öllu skólastarfi.

Ástundunarreglur

- Nemendum Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri er uppálagt allt frá upphafi skólagöngu að bera ábyrgð á eigin námi.
- Forleldrum/forráðamönnum er einnig uppálagt að fylgjast með námi sinna barna og gæta þess að þau búi við aðstæður til náms.
- Nemendur bera ábyrgð á námsgögnum og tækjum í eigu skólans og er foreldrum/forráðamönnum skilt að bæta námsgögn og/eða tæki ef þau verða fyrir skemmdum eða glatast.

Hollusta og heilbrigðar lífsvenjur

- Foreldrum/forráðamönnum ber að sjá til þess að þeirra börn fái nægan svefn, hvíld, rétta næringu og gæti að almennri snytimennsku og heilbrigði. Slíkt er ein af forsendum náms.
- Öll meðferð og neysla vímuefna er stranglega bönnuð í og við skólann, sem og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Neysla sælgætis, tyggigúmmís og gosdrykkja er bönnuð í skólanum, nema á sérstökum skólahátíðum þegar slíkt er leyft.
- Nemendum er uppálagt að koma með hollt og gott nesti í skólann. Sykraðir drykkir og matvara er ekki æskilegt nesti. Leiðarlínur Embættis Landlæknis skulu hafðar til viðmiðs.

Viðbrögð við brotum á skólareglum

1. Nemandi byrjar með einkunnina 10 við upphaf hverrar annar.
2. Við hverja óheimila fjarvist (F) dregst 0,4 frá, 0,2 frá fyrir að koma of seint (S).
3. Ef nemandi er vísað úr kennslustund (R), dregst 1,0 frá mætingareinkunn.
Leiðbeiningar um skráningu: 1. Komi nemandi 10 mín. of seint í kennslustund ber að skrá hann fjarverandi (F) 2. Komi nemandi 1-10 mín. of seint fær hann seint (S).

4. Viðbrögð ef misbrestur er á mætingu:

- **Einkunn fer niður fyrir 8.** Umsjónarkennari fylgist með mætingu umsjónarnemenda sinna. Um leið og ber á fjarvistum og óstundvísi hjá nemanda, ræðir umsjónarkennari við nemandann um það. Umsjónarkennari hefur einnig samband við forráðamenn og lætur vita.
- **Einkunn fer niður fyrir 6.** Forráðamenn og nemandi eru boðaðir til fundar við umsjónarkennara. Stjórnendum kynnt staða mála.
- **Einkunn fer niður fyrir 4.** Stjórnandi kynnir málið fyrir nemendaverndarráði.